

- Kaupmáttur ráðstöfunartekna
- Atvinnuleysi félagsmanna VR
- Þjóðhagsspár
- Virkni meginvaxta Seðlabankans
- Vaktavinna eykst

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	608.000 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	0,8%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	-0,3%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	3,7%
Fjöldi félagsmanna VR	37.031

Atvinnuleysi innan VR



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.


Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Þegar fjallað er um fjárhagslega stöðu heimila má nýta nokkra mælikvarða. Algengt er að skoða þróun kaupmáttar launa. Ef kaupmáttur launa eykst t.d. um 5% milli ára þýðir það að heimili getur nú keypt 5% meira en fyrir ári síðan, þ.e. laun hækkuðu um 5% umfram hækkun verðlags. Þessi mælikvarði er ekki gallalaus. Kaupmáttur launa tekur ekki tillit til þátta sem sannarlega hafa áhrif á kaupgetu heimila. Það gera hins vegar ráðstöfunartekjur. Ráðstöfunartekjur heimila taka tillit til allra tekna, hvort sem um ræðir laun, bætur, styrki, fjármagnstekjur eða annað. Þá taka ráðstöfunartekjur einnig tillit til allra fastra gjalda svo sem skatta, vaxtagjalda af íbúðakaupum eða annarra vaxtagjalda, iðgjalda í lífeyrissjóði og fleira. Þannig fæst góð mynd af því hvað heimili hafa til ráðstöfunar. Einn galli er hversu sjaldan ráðstöfunartekjur birtast og hversu seint. Nýlega birtust gögn vegna ársins 2018. Hér verður stuttlega farið yfir þróun ráðstöfunartekna og mismunandi mælikvarða á ráðstöfunartekjur.

Mismunandi mælikvarði á ráðstöfunartekjur

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna út ráðstöfunartekjur heimila. Önnur er samkvæmt svokölluðum þjóðhagsreikningum, hin samkvæmt framtalsgögnum. Breyting á kaupmætti ráðstöfunartekna er alla jafna nokkuð lík eftir því hvorn mælikvarðann er stuðst við. Árið 2018 var þó áhugavert fyrir þær sakir að mælikvarðanir sýndu nokkuð ólíka þróun milli ára. Samkvæmt þjóðhagsreikningum jókst kaupmáttur um 2% milli 2017 og 2018. Samkvæmt skattatölfræði dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 0,6%. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem mælikvarðarnir tveir þróast með svona ólíkum hætti. Árið 2008 hélst kaupmáttur samkvæmt þjóðhagsreikningum óbreyttur frá fyrra ári. Á sama tíma dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 14,7% samkvæmt skattatölfræði. Þetta sýnir mynd 1.

Mynd 1 - Kaupmáttur ráðstöfunartekna
Vísitölur = 100 árið 2006




Kaupmáttur ráðstöfunartekna – Fjölskyldusamsetning og aldursskipting

Kaupmáttur ráðstöfunartekna samkvæmt framtalsgögnum má skoða eftir mismunandi fjölskyldusamsetningu og aldursskiptingu. Mynd 2 sýnir ólíka þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna eftir fjölskyldutegund milli 2017 og 2018. Mest eykst kaupmáttur hjá einstæðu foreldri eða um 3% en dregst saman um tæp 3% fyrir barnlaus hjón.

Hjón án barna er eini hópurinn þar sem kaupmáttur lækkar milli ára. Það eru vísbendingar um að hér sé um að ræða hjón 50 ára og eldri fremur en ungt fólk. Þetta sýnir mynd 3.

Mynd 2 – Aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna milli 2017 og 2018 eftir fjölskyldusamsetningu




Mynd 3 sýnir breytingu á kaupmætti ráðstöfunartekna milli 2017 og 2018 eftir aldurshópum. Kaupmáttur eykst að meðaltali hjá öllum aldurshópum upp að 50 ára aldri. Fyrir aldurshópa 50 ára og eldri dregst kaupmáttur að jafnaði saman¹.


Aldurshópurinn 50-54 ára sker sig úr með yfir 4% minni kaupmátt 2018 samanborið við 2017. Hægt er að brjóta niður áhrifin líkt og sjá má á mynd 4. Þar kemur í ljós að eini þátturinn sem dregur kaupmátt ráðstöfunartekna mjög mikið niður milli ára hjá þessum aldurshópi er fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur eru allar vaxtatekjur auk söluhagnaðar, arðs og tekna af atvinnurekstri.

Það verður að teljast ólíklegt að þetta eigi við stóran hluta fólks á aldrinum 50-54 ára. Það sem hugsanlega er að eiga sér stað hér er að fáir mjög efnaðir einstaklingar hafi fengið mun minni fjármagnstekjur árið 2018 samanborið við 2017 sem orsakar það að fjármagnstekjur dragast saman fyrir þennan hóp, að meðaltali. Sé þetta raunin væri gagnlegt ef Hagstofa Íslands myndi einnig birta miðgildi tekna. Þá myndi töluverður samdráttur, t.d. fjármagnstekna fárra einstaklinga, ekki hafa áhrif á mælingu kaupmáttar ráðstöfunartekna.

Mynd 3 – Kaupmáttur ráðstöfunartekna eftir aldri



Mynd 4 – Sundurliðun breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna 55-54 ára




¹ Sjá box aftast með útskýringu á meðaltali og gæði meðaltala

Atvinnuleysi félagsamanna VR

Undanfarna mánuði hefur atvinnuleysi þokast uppá við. Aukning atvinnuleysis hefur þróast með misjöfnum hætti eftir aldri, kyni og ríkisfangi. Í september 2018 voru 1.406 félagsmenn VR án vinnu, flestir á aldrinum 25-34 ára. Stærsti einstaki hópurinn eru íslenskar konur á aldrinum 25-34 og voru 192 atvinnulausar í mánuðinum. Sé litið til atvinnuleysis í stað fjölda atvinnulausra breytist myndin². Atvinnuleysi mælist hæst meðal erlendra karla yfir 55 ára. Hér skal þó tekið fram að um mjög fáa einstaklinga er að ræða, eða 10 talsins. 83 erlendir karlar yfir 55 ára greiddu til félagsins í september 2019 og mældist því atvinnuleysi meðal þessa hóps um 12%. Af þeim hópum sem 1.000 félagsmenn að minnsta kosti tilheyra, var atvinnuleysi hæst meðal kvenna á aldrinum 25-34 ára með erlent ríkisfang, eða 6,7%. Þetta sýnir mynd 5.

Mynd 5 – Atvinnuleysi eftir aldri, kyni og ríkisfangi frá janúar 2018




² Atvinnuleysi er hér skilgreint sem fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af fjölda félagsmanna í sama hópi.

Þjóðhagsspár

Fimm þjóðhagsspár hafa birst undanfarna mánuði. Tveir bankanna, Seðlabankinn, Hagstofa Íslands og Alþýðusambandið hafa gefið út spár. Mynd 6 sýnir hagvaxtarspár þessara fimm aðila fyrir árið í ár og næstu tvö ár. Allir spá samdrætti fyrir árið í ár en nokkur munur er svo á því hvernig greinendur sjá fyrir sér árið 2020. Svartsýnasta spáin er frá Alþýðusambandinu sem gerir ráð fyrir 0,6% hagvexti á næsta ári. Bjartsýnasta spáin er frá Landsbankanum sem spáir 2% hagvexti árið 2020.

Meðaltal spánna fyrir árið 2019 er 0,4% samdráttur. Hagvöxtur á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2019 var 0,2%. Til að 0,4% samdráttur 2019 raungerist verður hagvöxtur á seinasta ársfjórðungi ársins 2019 að vera neikvæður um 1,3%.

Mynd 6 – Hagvaxtarspár greiningaraðila




Vaktavinna eykst

Vaktavinna hefur aukist síðustu ár og eru innflytjendur á vinnumarkaði líklegri til að vinna vaktavinnu en innlendir.³ Samkvæmt tölum Hagstofunnar unnu 18% innlendra starfsmanna á vinnumarkaði vaktavinnu árið 2008 en það hlutfall var 23% árið 2017 en hafði þá lækkað um prósentustig frá árinu áður. Munurinn milli innflytjenda og innlendra starfsmanna jókst á tímabilinu, hlutfallið var 20% meðal innflytjenda árið 2008 en 29% áratug síðar.

Þá má einnig sjá að innflytjendur eru líklegri til að vinna óhefðbundinn vinnutíma og hefur það aukist á tímabilinu á meðan hlutfall innlendra sem vinnur óhefðbundinn vinnutíma er svipað. Árið 2017 vann 31% innflytjenda á vinnumarkaði óhefðbundinn vinnutíma en 24% árið 2008. Lítil breyting varð meðal innlendra á tímabilinu, um 26% þeirra unnu óhefðbundinn vinnutíma hvort ár þó sveiflur hafi verið nokkrar á tímabilinu. Fólk telst vinna óhefðbundinn vinnutíma ef það vinnur oft á næturnar, kvöldin, laugardögum eða sunnudögum.

Konur eru almennt líklegri til að vinna vaktavinnu en karlar og á það við um bæði innflytjendur og innlenda. Vinnutími kvenna í hópi innflytjenda er þó oftast óhefðbundinn en kvenna í hópi innlendra og þær vinna einnig frekar vaktavinnu.

Mynd 7 – Vaktavinna eftir ríkisfangi




³ Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis, á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis auk þess að eiga afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innlendir geta verið einstaklingar með engan erlendan bakgrunn, einstaklingar með engan erlendan bakgrunn sem eru fæddir erlendis, einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi og annað foreldri er erlent, og einstaklingar sem eru fæddir erlendis, eiga foreldra sem fæddir eru erlendis en a.m.k. eina ömmu eða afa sem fædd/ur er á Íslandi. Annarrar kynslóðar innflytjendur eru hér innlendir.

Virgni meginvaxta Seðlabankans

Meginvextir Seðlabanka Íslands, einnig kallaðir stýrivextir, eru þeir vextir sem Seðlabankinn ákvarðar. Seðlabankinn reynir með þessum vöxtum að hafa áhrif á vexti á peningamarkaði (aðallega í gegnum viðskipti sín við lánastofnanir) sem síðan eiga að hafa áhrif á markaðsvexti. Ef vextir Seðlabankans lækka án þess að vextir á markaði, þ.e. vextir sem fyrirtæki og einstaklingar greiða af sínum lánum, lækki til jafns má spyrja sig hvort Seðlabankanum sé að takast ætlunarverk sitt eða ekki. Sé það viðurkennt að vextir til fyrirtækja og heimila þurfi einungis að lækka þegar stýrivextir lækka en ekki endilega um sömu prósentu, þá virðist Seðlabankanum vera að takast sitt hlutverk. Ef það er æskilegt að vextir til fyrirtækja og heimila lækki til jafns við stýrivexti Seðlabankans virðist vera einhver tregða í leiðni stýrivaxta, sjá mynd 8.

Undanfarið ár hafa stýrivextir lækkað um 1,5% eða úr 4,5% í 3%. Óverðtryggðir vextir bankanna hafa ekki lækkað til jafns líkt og mynd 8 sýnir. Þessi þróun kann að vera öðruvísi sé litið til annars tímabils en hér er gert. Sama á sér stað ef vextir Seðlabanka Íslands eru bornir saman við vexti lífeyrissjóða til fasteignakaupa. Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir þessu. Bankar greiða sérstaka skatta sem aðeins eru lagðir á fjármálafyrirtæki en hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja segir að hægt væri að lækka vexti um eitt prósentustig án þessar álagna. Þá hafa lífeyrissjóðir það eina hlutverk að ávaxta fjármuni sjóðfélaga og hafa því farið varlega í að lækka vexti til íbúðakaupa til jafns við lækkun stýrivaxta.

Mynd 8 – Breyting meginvaxta Seðlabanka Íslands og breyting valinna vaxta hjá stóru viðskiptabönkunum




Heimild: Vaxtatöflur þriggja stóru viðskiptabankanna, Seðlabanki Íslands og útreikningar VR

Það virðist því vera einhver tregða fyrir vaxtabreytingar Seðlabanka Íslands að skila sér í lækkun vaxta til fyrirtækja og heimila sé það markmiðið að vextir á markaði lækki til jafns við stýrivexti.


Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu
Vísitölur = 100 í janúar 2008




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólguþá til næstu tólf mánaða

Spábil sýnir hversu líklegt er að spáin verði á viðkomandi bili




Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu

Raunverð er hækkun umfram verðbólgu. Hlutfall af launum er hækkun umfram útborguð laun félagsmanna VR.




Staða íbúðamarkaðarins á höfuðborgarsvæðinu

Íðurit (e. swirllogram) fyrir fasteignamarkaðinn. Sýnir stöðu markaðarins í hverjum mánuði frá 2005




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans




Útlán til heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu
Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa⁴




Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




Gengisbreyting nokkurra gjaldmiðla

Tölf mánaða breyting gjaldmiðlanna




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



⁴ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrntækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)